

KAUPHÖLL ÍSLANDS
Iceland Stock Exchange

Alþingi
Erindi nr. P 128/87
komudagur 28.1.2003

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
150 Reykjavík

Reykjavík, 27.01.2003
Tilv. 111
HS/hs

Vísað er til bréfs nefndarinnar frá 10. desember 2002, þar sem óskað er eftir umsögn Kauphallar Íslands hf. um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 144/1994, um ársreikninga.

Kauphöllin vill nota tækifærið og fagna framlagningu frumvarpsins. Sérstaklega er ánægjulegt að tekið hefur verið tillit til sjónarmiða Kauphallarinnar varðandi styttingu heimildar til beitingar almennra verðlagsbreytinga við gerð ársreikninga.

Varðandi breytingu á 1. gr. laganna, b-lið, þá vill Kauphöllin koma þeirri skoðun á framfæri að skýra þurfi í greininni sjálfri þá skilgreiningu að um hlutdeildarfélag geti verið að ræða jafnvel þó eignarhlutur sé undir 20% ef um varanleg tengsl er að ræða í þeim tilgangi að hafa áhrif á rekstur annars félags. Hvorki ákvæði frumvarpsins né skýringar í greinargerð gefa nægjanlega skýringu með hvaða hætti tengsl fyrirtækja þurfa að vera til þess að um "varanleg tengsl sé að ræða".


5.tl. 2. mgr. 1.gr. "er aðili að öðru félagi", hvað er átt við með aðili í þessu samhengi ?

24. gr. "Verðbréfaþingi", leiðrétta allar svona tilvísanir í Kauphöll ef á fleiri stöðum.

Af hálfu Kauphallar Íslands eru ekki gerðar frekari athugasemdir við ákvæði frumvarpsins.

Beðist er velvirðingar á hversu seint þetta svar berst.

Virðingarfyllt
F.h. Kauphallar Íslands hf.


Hrefna Ösp Sigmúndsdóttir